


ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

September 2025

Svikastarfsemi

Hátt í þrír af hverjum fjórum landsmönnum, eða 73%, segja að haft hafi verið samband við þá síðastliðið ár af aðilum sem þeir telja hafa verið að reyna að svíkja út fé eða svindla á þeim. Það er sama hlutfall og fyrir áratug en þá var frekar nýtt af nálinni að tæknin væri notuð í miklum mæli í þessum tilgangi.

Haft var samband við flesta gegnum tölvupóst, eða 45%, sem er þó lægra hlutfall en fyrir áratug. Þá var haft samband við nær þriðjung gegnum síma og nær 29% gegnum smáskilaboð (SMS) sem er svipað hlutfall og áður. Haft var samband við fjórðung gegnum samfélagsmiðla og er það mikil aukning frá fyrri mælingu. Loks var haft samband við fimmtung gegnum samskiptaöpp og rúmlega 7% gegnum auðkenningarbeiðni en þessar leiðir voru ekki eða lítið nefndar fyrir tíu árum.¹



Konur segja frekar en karlar að haft hafi verið samband við þær gegnum samfélagsmiðla í þeim tilgangi að svíkja út fé eða svindla á þeim. Yngra fólk er líklegra en eldra til að segja að haft hafi verið samband við það gegnum SMS, samfélagsmiðla eða samskiptaöpp í sama tilgangi. Fólk yfir sjötugu er hins vegar líklegra en yngra til að segja að ekki hafi verið haft samband við það í þessum tilgangi.

Greiningar	Gegnum tölvupóst	Gegnum síma	Gegnum SMS	Gegnum samfélagsmiðla	Gegnum samskiptaöpp	Nei, aldrei
Heild	45%	33%	29%	25%	19%	27%
Kyn						
Karlar	47%	35%	30%	20%	22%	26%
Konur	43%	31%	27%	30%	17%	28%
Aldur *						
18-29 ára	38%	33%	46%	31%	25%	23%
30-39 ára	50%	31%	26%	27%	19%	26%
40-49 ára	47%	29%	28%	30%	24%	28%
50-59 ára	55%	41%	36%	24%	21%	18%
60-69 ára	47%	34%	21%	22%	17%	27%
70 ára eða eldri	33%	29%	13%	15%	8%	40%

Þar sem prósentur eru feitletraðar og súlur eru dökkgrænar er marktækur munur á milli hópa

Spurt var:

• Hefur verið haft samband við þig með eftirfarandi hætti á sl. 12 mánuðum af aðilum sem þú telur vera að reyna að svíkja út fé eða svindla á þér?¹

¹ Breytingar voru gerðar á orðalagi spurningar og svarmöguleikum milli mælinga svo mælingarnar eru ekki að öllu leyti sambærilegar.

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun Gallup sem gerð var dagana 12. til 26. júní 2025. Heildarúrtaksstærð var 1.695 og þátttökuhlutfall var 47,3%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir.

Ábyrgðarmaður: Jóna Karen Sverrisdóttir © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.